



TILKYNNING UM KEPPNI

1 Reglur

- 1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum 2021-2024
- 1.2 Einnig gilda Kappsiglingafyrirmæli SÍL.
- 1.3 Einnig gilda reglur IRC.
- 1.4 Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni.
- 1.5 Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda nema í keppnis- eða kappsiglingafyrirmælum.
- 1.6 Ef Keppnisfyrirmæli eða annað er þýtt úr íslensku yfir á annað tungumál þá gildir íslenska útgáfan fram yfir þá þýddu.
- 1.7 Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að stavgenda t.d. með kalli eða bendingum.
- 1.8 Mótið fellur niður ef fjórir bátar eða færri eru skráðir kl. 23:00 23. júní.

2 Keppnisfyrirmæli

- 2.1 Kappsiglingafyrirmæli eru afhent á skipsjórafundum og á heimasíðu félagsins brokey.is
- 2.2 Siglingafyrirmælin eru samkvæmt leiðbeiningum í RRS Viðauka S/ sjá þýðingu SÍL af sniðmáti á heimasíðu SÍL.

3 Samskipti

- 3.1 Keppnisstjórn birtir upplýsingar á heimasíðu brokey.is
- 3.2 Keppnisstjórn notar rás 6 fyrir öll samskipti.
- 3.3 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðartilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

4 Hlutgengi og þátttaka

- 4.1 Mótið er opið öllum kjölbátum og dagbátum. Áhafnameðlimur verður að vera fullgildur félagi í siglingafélagi skv. móta og keppnisreglum SÍL.
- 4.2 Mótið er opið öllum bátum í flokki kjölbáta og dagbáta í forgjafakeppni með IRC forgjöf sem SÍL samþykkir.
- 4.3 Bátur skal hafa gilt IRC forgjafaskírteini.
- 4.4 Keppt er í opnum flokki kjölbáta með IRC forgjöf.
- 4.5 Hlutgenga báta má skrá með því að fylla út skráningarblað sem er á heimasíðu félagsins og senda það ásamt staðfestingu á skráningargjaldi til brokey@brokey.is, fyrir kl.: 23:00 þann 17. júní 2022.
Við greiðslu þátttökugjalds í <https://www.sportabler.com/shop/brokey> vinsamlega takið fram nafn báts sem keppt er á. Einnig er hægt allt fram að skipstjórafundi að greiða þátttökugjald í greiðsluposu félagsins.
- 4.6 Skráning að fresti liðnum er heimiluð fram að skipstjórafundi gegn 100% álagi.
- 4.7 Nálsgast má skráningarform á heimasíðu félagsins <http://brokey.is/keppnismal/keppnisgogn/>
- 4.8 Skráning telst ekki gild fyrr en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt og þátttökugjald hefur verið greitt.
- 4.8 Áhafnarlista má breyta allt fram að skipstjórafundi.

Faxi 2022

24. til 26. júní

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Keppnissvæðið er á sundunum fyrir utan Reykjavík og Akranes



4.9 Skráning að fresti liðnum er ekki heimiluð nema að fegnu leyfi keppnisstjóra.

5 Þátttökugjald

5.1 Áskilin gjöld eru eftirfarandi: Þátttökugjald á hvern áhafnarmedlim er kr. 5.000. Þátttökugjald eftir skáningarfrestur er liðinn er kr. 10.000

5.2 Önnur gjöld: Boðið verður upp á veitingar á Akranesi en greitt er fyrir þær sérstaklega.

6 Takmarkanir um áhöfn

6.1 Eftirfarandi takmarkanir gilda um fjölda í áhöfn: Fjöldi áhafnarmedlima er samkvæmt reglum IRC og forgjafarskírteinis.

6.2 Heimilt er að skrá varamenn í áhöfn, greitt er fyrir hámarksfjölda keppenda á bát. Ekki er greitt sérstaklega fyrir varamenn.

7 Auglýsingar

7.1 Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

7.2 Skipuleggjendur geta skaffað fatnað með auglýsingum sem keppendur skulu bera eins og heimilað er í auglýsingareglum World Sailing.

8 Spretturinn

8.1 Á mótinu verður keppt í Sprettinum, þ.e. siglinguna frá Reykjavík til Akraness og veitt eru sér verðlaun fyrir þá keppni. Hún telst samt sem áður í stigakerfi mótsins.

9 Tímaáætlun

9.1 Skráningu skal lokið fyrir skipstjórafund.

9.2 Mælingar og skoðun fer fram strax að loknum skipstjórafundum ef keppnisstjóri óskar eftir því.

9.3 Keppnis dagar / dagskrá:

Föstudagur, 24. júní, skipstjórafundur kl. 17:00.

Áætluð ræsing kl. 18:00. Keppt er svokallaður "Sprettur" Reykjavík til Akranes.

Laugardagur, 25. júní, skipstjórafundur kl. 11:00

Tvær keppnir fyrir utan Akranes. Áætluð ræsing kl. 12:00

Akranes Reykjavík. Áætluð ræsing kl. 17:00

En ekki verður ræst eftir kl. 17, þann dag.

Sunnudagur, 26. júlí, er varadagur

9.4 Fjöldi keppna eru áætlaðar fjórar.

9.5 24. júlí, fyrsta viðvörunarmerki er áætlað kl. 17:55

25. júní, fyrsta viðvörunarmerki er áætlað kl. 11:55

9.6 Á síðasta áætlaða keppnisdegi verður ekki gefið viðvörunarmerki eftir klukkan kl. 20:00

10 Mælingar og skoðun

10.1 Leggja skal fram gilt forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

11 Stigagjöf

11.1 Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A

11.2 Mótið telst gilt þó aðeins takist að sigla tvær keppnir.

11.3 Þegar færri en 4 keppnum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr keppnunum sem heildarstigatala í mótinu.

Faxi 2022

24. til 26. júní

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Keppnissvæðið er á sundunum fyrir utan Reykjavík og Akranes



- 12** Aðstoðarbátar skulu merktir með klúbbfána viðkomandi keppanda.
- 13 Bryggjupláss**
- 13.1** Brokey útvegar viðlegupláss fyrir þátttakendur frá þriðjudeginum 21. júní til þriðjudagsins 28. júní við Ingólfsgarð, það þýðir ekki að lofað sé stæði með útleggjurum.
- 13.2** Keppendur skulu sjálfir hafa samband við starfsmenn Faxafloahafna á Akranesi til að tryggja sér stæði á Akranesi.
- 14 Takmarkanir á að bátar séu teknir á land**
- 14.1** Kjölbátar skulu ekki teknir á land á meðan mótið stendur yfir nema að fengnu skriflegu leyfi keppnistjórnar og í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir.
- 15 Köfunarbúnaður og plastlaugar.**
- 15.1** Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjár og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.
- 15.2** Óheimilt er að þvo kjölbáta undir vatnslínu á keppnistíma.
- 16 Persónuvernd**
- 16.1** Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.
- 17 Takmörkun ábyrgðar**
- 17.1** Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.
- 18 Tryggingar**
- 18.1** Hver bátur skal vera tryggður og með gildri ábyrgðartryggingu sem bætir tjón sem kann að eiga sér stað.
- 19 Verðlaun**
- 19.1** Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í heildarstigakerfi mótsins
- 19.2** Veitt verða verðlaun fyrir fyrsta sætið í "Sprettinum" Reykjavík - Akranes.
- 19.3** Verðlaunaafhending hefst strax að lokinni keppni til Reykjavíkur.
- 20 Frekari upplýsingar**
- 20.1** Frekari upplýsingar veitir Ólafur Már Ólafsson, olafur@brokey.is / 7712090 & 8542980